

Stjórn Eta-deildar 2008 – 2010 er þannig skipuð

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, formaður
Bryndís Sigurjónsdóttir, varaformaður
Inga Margrét Róbertsdóttir, ritari
Kirsten Friðriksdóttir, gjaldkeri

Kristín Steinarsdóttir hefur umsjón með vefsíðu deildarinnar



Dagskrá vetrarins

1. fundur er skipulagður af stjórn út frá markmiðinu: *Að hafa forystu í faglegri umræðu* og verður haldinn 14. október kl. 18:30 í Verzlunarskóla Íslands.

Verzlunarskólinn er við Ofanleiti. Þegar komið er í Versló að kvöldi til er best að fara um innganginn sem er við Ofanleiti við hliðina á leikfimisalnum (ekki þann sem snýr að Kringlunni). Þar er vaktmaður í búri sem hleypir mönnum inn. Hann verður búinn að fá upplýsingar um fundinn. Þegar inn er komið er gegnið upp tröppurnar upp á næstu hæð fyrir ofan og þar beint inn ganginn. Þar verða dyr opnar inn í fatahengið.

2. fundur er *jólafundur* með hefðbundnu eða óhefðbundnu sniði og verður haldinn 2. desember kl. 19 í húsnæði Menntavísindasviðs í Skipholti undir styrkri stjórn Stefaníu Stefánsdóttur.
3. fundur er skipulagður með markmiðið *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að í huga*. Hann verður haldinn 21. janúar 2009.
4. fundur hefur markmiðið *Að efla innbyrðis tengsl okkar* að leiðarljósi og verður haldinn 2. mars 2009.
5. og síðasti fundur vetrarins gengur út frá markmiðinu *Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan*. Sá fundur verður er á dagskrá 28. apríl 2009.